STJÓRNARTÍÐINDI C 3 — 1981

6. nóvember 1981 111 Nr. 18

AUGLÝSING

um uppsögn samnings við Filippseyjar um afnám vegabréfsáritana o. fl.

Með erindaskiptum 16. september og 30. október 1981 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Filippseyja um uppsögn samnings milli landanna um afnám vegabréfsáritana sem gerður var með erindaskiptum 6. ágúst og 2. september 1974, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1974. Uppsögn samningsins miðast við 9. nóvember 1981.

Jafnframt var gert samkomulag um það að handhafar diplómatískra vegabréfa og sérstakra vegabréfa þurfi ekki vegabréfsáritanir. Ennfremur var samið um að taka ekki gjald fyrir áritanir annars vegar fyrir ríkisborgara Filippseyja og hins vegar fyrir ríkisborgara Íslands vegna styttri dvalar en 59 daga.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. nóvember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

10. nóvember 1981 Nr. 19

AUGLÝSING

um fullgildingu Norðurlandasamnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Hinn 29. september 1981 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Norðurlandasamnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Osló 11. september 1981. Tilkynnt verður um gildistöku síðar.

Með lögum nr. 94/1980 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn. Skv. 2. gr. laganna skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. nóvember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

RÍKISSTJÓRNIR ÍSLANDS, DANMERKUR, FINNLANDS, NOREGS og SVÍÞJÓÐAR

sem óska eftir að gera samning um samvinnu milli tollstjórna sinna til að tryggja rétta framkvæmd tollalöggjafarinnar og til að vinna gegn brotum á tollalöggjöfinni eru með vísan til tilmæla tollasamvinnuráðsins í Brussel frá 5. desember 1953 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda, samþykktanna fyrir Norræna tollasamvinnuráðið frá 2. apríl 1975 og samstarfssamnings frá 23. mars 1962 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar

1. „Ríki" táknar í samningi þessum eitt af samningsríkjunum.
2. „Tollalöggjöf" táknar í samningi þessum þau lagaákvæði og stjórnvaldsfyrirmæli um tolla, skatta og önnur gjöld, endurgreiðslu eða bönn, takmarkanir og eftirlit að því er varðar innflutning, útflutning eða gegnumflutning vara — þar á meðal heilbrigðis- og öryggisreglur og greiðslur.
3. „Tollstjórn" táknar í samningi þessum æðstu tollstjórnvöld ríkjanna og samkvæmt sérstöku umboði lægra sett yfirvöld þeirra.

2. gr.

Gildissvið

1. Ríkin eru ásátt um að veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð með fulltingi tollstjórnanna í samræmi við ákvæði þessa samnings
   a) til þess að tryggja rétta framkvæmd tollalöggjafar þeirra,
   b) til þess að koma í veg fyrir, rannsaka og sækja til saka fyrir brot á tollalöggjöf þeirra,
   c) til fullnustu á kröfum og birtinga vegna framkvæmdar tollalöggjafarinnar.

2. Aðstoð samkvæmt samningi þessum er veitt í samræmi við lög þess ríkis sem tilmælum er beint til og innan valdsviðs og úrræða tollstjórnar.

3. gr.

Eftirlit með einstaklingum og flutningatækjum

Tollstjórnir skulu óumbeðið eða samkvæmt tilmælum hafa sérstakt eftirlit m. a. með eftirfarandi:

1. Einstaklingum sem þekktir eru fyrir eða grunaðir um brot á tollalöggjöf annars ríkis.

2. Flutningatækjum sem grunur leikur á að séu notuð við brot á tollalöggjöf annars ríkis.

4. gr.

Veiting upplýsinga

Tollstjórnir skulu láta hver annarri í té:

1. Óumbeðið eða að fengnum tilmælum allar tiltækar upplýsingar um
   a) verknað sem grunur leikur á að leiða muni til brota á tollalöggjöf annars ríkis,

AFTALE

mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om gensidig bistand i toldsager.

REGERINGERNE I DANMARK, FINLAND, ISLAND, NORGE OG SVERIGE,

som ønsker at indgå en aftale om samarbejde mellem deres toldmyndigheder for at sikre en rigtig gennemførelse af toldlovgivningen og for at bekæmpe overtrædelser af toldlovgivningen, er under henvisning til rekommandation af 5. december 1953 fra Toldsamarbejdsrådet i Bryssel om gensidig forvaltningsmæssig bistand, vedtægterne af 2. april 1975 for Nordisk Toldadministrativt Råd og Samarbejdsaftalen af 23. marts 1962 mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige blevet enige om følgende:

Artikel 1

Definitioner

1. Ved „stat" forstås i denne aftale en af de kontraherende stater.
2. Ved „toldlovgivning" forstås i denne aftale love og forskrifter vedrørende told, skatter og andre afgifter, godtgørelse eller forbud, begrænsninger og kontrol for så vidt angår indførsel, udførsel eller transit af varer — herunder sundheds- og sikkerhedsforskrifter — og betalingsmidler.
3. Ved „toldmyndighed" forstås i denne aftale staternes centrale toldadministrationer og efter nærmere bemyndigelse deres underordnede myndigheder.

Artikel 2

Andvendelsesområde

1. Staterne er enige om at yde hinanden gensidig bistand gennem toldmyndighederne i henhold til bestemmelserne i denne aftale
   a) for at sikre en rigtig gennemførelse af deres toldlovgivning
   b) for at hindre, undersøge og forfølge overtrædelser af deres toldlovgivning
   c) i forhold vedrørende inddrivelse af fordringer og forkyndelser i forbindelse med gennemførelse af toldlovgivningen.
2. Bistand indenfor rammerne af denne aftale ydes efter den anmodede stats ret og indenfor rammerne af toldmyndighedens kompetance og ressourcer.

Artikel 3

Opsyn med personer og transportmidler

Toldmyndighederne fører uopfordret eller efter anmodning særligt tilsyn med bl. a.

1. Personer, som er kendt for eller mistænkt for at begå overtrædelse af en anden stats toldlovgivning.
2. Transportmidler, sem der er mistanke om bliver anvendt ved overtrædelse af en anden stats toldlovgivning.

Artikel 4

Meddelelse af oplysninger

Toldmyndighederne udveksler

1. Uopfordret eller efter anmodning enhver tilgængelig oplysning om
   a) virksomhed, som der er mistanke om vil føre til overtrædelse af en anden stats toldlovgivning;

b) einstaklinga sem þekktir eru fyrir eða grunaðir um brot á tollalöggjöf annars ríkis,

c) flutningatæki sem grunur leikur á að séu notuð til brota á tollalöggjöf annars ríkis,

d) nýjan búnað eða aðferðir til brota á tollalöggjöf,
e) vörur sem vitað er að fluttar eru ólöglega,
f) atvik að öðru leyti sem þýðingu hafa varðandi brot á tollalöggjöf.

2. Að fengnum tilmælum allar tiltækar upplýsingar um vöruflutning sem er að finna í aðflutningsskýrslum, yfirlýsingum, upprunaskírteinum, vörureikningum og öðrum skjölum eða í samsvarandi efni unnu í skýrsluvélum.

3. Að fengnum tilmælum öll tiltæk skjöl sem útbúin eru í sambandi við tollmeðferð vara í öðru ríki og tollstjórn þarf á að halda, t. d. til staðfestingar á því

a) að vörur sem veitt er ívilnandi tollmeðferð við útflutning til annars ríkis uppfylli sett skilyrði,
b) að vörur sem innfluttar eru til eins ríkis séu útfluttar löglega frá öðru ríki,
c) að vörur sem útfluttar eru frá einu ríki séu löglega innfluttar til annars ríkis.

5. gr.

Rannsóknir

1. Tollstjórn sem fær tilmæli um aðstoð framkvæmir nauðsynlegar rannsóknir til þess að verða við tilmælunum. Niðurstöður skal láta í té þeirri tollstjórn sem aðstoðar hefur beiðst.

2. Tollstjórnir geta í einstaka tilvikum samið svo um að embættismenn sem vinna að máli sem snertir tvö eða fleiri ríki séu viðstaddir rannsókn og aðra meðferð máls á landsvæði annars ríkis, enda brjóti það eigi í bága við landslög.

6. gr.

Form og efni tilmæla um aðstoð

1. Tilmæli skal setja fram skriflega. Skjöl þau sem nauðsynleg eru til að unnt sé að verða við tilmælum, þar á meðal stjórnvaldsfyrirmæli eða ákvörðun þar til bærra yfirvalda sem skjöl eru byggð á, má senda í frumriti eða staðfestu ljós- eða afriti.

2. Í brýnum tilvikum má setja fram tilmæli munnlega eða í síma, og staðfesta skriflega ef nauðsyn ber til.

7. gr.

Notkun upplýsinga og skjala

1. Upplýsingar og skjöl sem fengist hafa samkvæmt ákvæðum þessa samnings má nota sem sönnunargögn í samræmi við markmið samningsins og innan gildissviða hans.

2. Sé óskað að nota upplýsingar og skjöl í öðrum tilgangi en þau voru fengin, ber að afla skýlauss samþykkis þeirrar tollstjórnar sem lét þau í té.

3. Upplýsingar, skjöl o. fl. skal að öðru leyti fara með sem trúnaðarmál í því ríki sem veitt hefur þeim viðtöku.

8. gr.

Undantekningar frá aðstoðarskyldu

1. Verði talið að það gæti skaðað sjálfstæði, öryggi, almenna réttarskipan (ordre public) eða aðra veigamikla hagsmuni ríkis að verða við tilmælum um aðstoð sem til þess er beint

b) personer, som er kendt for eller mistænkt for at begå overtrædelse af en anden stats toldlovgivning;
c) transportmidler, som der er mistanke om bliver anvendt ved overtrædelse af en anden stats toldlovgivning;
d) nye hjælpemidler eller metoder for at begå overtrædelse af toldlovgivningen;
e) varer, som er kendt for at være genstand for ulovlig trafik;
f) andre forhold, som er af interesse vedrørende overtrædelse af toldlovgivningen.

2. Efter anmodning enhver tilgængelig oplysning vedrørende vareførslen, som findes i tolddeklarationer, erklæringer, oprindelsescertifikater, fakturaer og andre dokumenter eller i tilsvarende databehandlet materiale.

3. Efter anmodning alle tilgængelige dokumenter, som en toldmyndighed behøver, og som er udfærdiget i forbindelse med toldbehandling af varer i en anden stat, herunder for at få bekræftet

a) at varer, som er indrømmet en gunstig toldbehandling ved udførsel til en anden stat, opfylder betingelserne,
b) at varer, som er indført til en stat, er lovlig udført fra en anden stat,
c) at varer, som er udført fra en stat, er lovlig indført til en anden stat.

Artikel 5

Undersøgelser

1. En toldmyndighed, som bliver anmodet om bistand, foretager de nødvendige undersøgelser for at efterkomme anmodningen. Resultatet meddeles den toldmyndighed, som har bedt om bistand.

2. Toldmyndighederne kan i enkeltsager aftale, at tjenestemænd, som arbejder med en sag, der angår to eller flere stater, skal kunne være til stede ved undersøgelser og anden behandling af sagen på en anden stats territorium i den udstrækning, dette ikke strider mod national lovgivning.

Artikel 6

Anmodningernes form og indhold

1. Anmodninger fremsættes skriftligt. De dokumenter, som er nødvendige for efterkommelse af anmodninger, inklusive eventuelle forskrifter eller beslutninger af kompetente myndigheder, som måtte ligge til grund for dokumenterne, må vedlægges i original, i form af attesteret kopi eller afskrift.

2. I hastende tilfælde kan anmodninger fremsættes mundtligt eller telefonisk, og om nødvendigt bekræftes skriftligt.

Artikel 7

Brug af oplysninger og dokumenter

1. Oplysninger og dokumenter, som er indhentet i medfør af bestemmelserne i denne aftale, kan benyttes som bevis i overensstemmelse med aftalens formål og inden for dens andvendelsesområde.

2. Ønskes oplysningerne og dokumenterne anvendt til andre formål, end hvad de er indhentet til, må udtrykkelig samtykke indhentes fra toldmyndigheden, som har leveret dem.

3. Oplysningerne, dokumenterne m. v. skal iøvrigt behandles som hemmelige i den stat, som har modtaget dem.

Artikel 8

Undtagelse fra pligten til at yde bistand

1. Dersom efterkommelse af anmodning om at yde bistand antages at være egnet til at skade den anmodede stats suverænitet, sikkerhed, retsprincipper (ordre public) eller andre væsent-

getur tollstjórn viðkomandi ríkis að einhverju eða öllu leyti neitað að veita aðstoð eða gert hana háða því að ákveðnum skilyrðum eða kröfum verði fullnægt.
2. Sé eigi fært að verða við tilmælum um aðstoð skal ríki því sem beiðst hefur aðstoðar tilkynnt án tafar um ákvörðunina og forsendur hennar.

9. gr.
Birting

1. Birting samkvæmt samningi þessum skal fara fram með sama hætti og gildir um hliðstæðar birtingar samkvæmt lögum eða venju í því ríki sem óskað er eftir að annist birtinguna. Tilmæli um birtingu skjals skulu hafa að geyma stutta lýsingu á efni skjalsins.

2. Að ósk þess ríkis sem birtingar beiðist getur birting farið fram í sérstöku formi, enda sé það í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem birting skal fara fram.

3. Sem sönnun fyrir birtingu skal gilda annað hvort dagsett og staðfest viðurkenning móttakanda birtingar eða sönnun frá viðkomandi yfirvaldi í því ríki þar sem óskað er eftir að birting fari fram sem sýni form og tíma birtingarinnar.

10. gr.
Innheimta

1. Tollstjórn skal að fengnum tilmælum veita aðstoð við innheimtu krafna annars ríkis í sambandi við framkvæmd tollalöggjafar.
2. Tilmæli um aðstoð við innheimtu kröfu verða eingöngu borin fram ef krafan verður eigi innheimt án mikilla vandkvæða í því ríki sem aðstoðar beiðist. Krafan skal jafnframt nema nánar ákveðinni lágmarksfjárhæð.
3. Tilmælum um innheimtu skal fylgja eftirrit aðfararheimildar ásamt vottorði frá þar til bæru yfirvaldi um að heimildin sem tilmælin byggjast á sé aðfararhæf.

4. Krafa sem aðfararhæf er í því ríki sem aðstoðar beiðist skal talin aðfararhæf í ríki sem tilmælum er beint til. Um framkvæmd innheimtuaðstoðar skulu gilda fyrningarreglur um innheimtu hliðstæðra krafna samkvæmt löggjöf þess ríkis sem tilmælum um aðstoð er beint til.
5. Í tilmælunum skal upplýsa hvenær krafan fyrnist að fullu eða að hluta samkvæmt löggjöf þess ríkis sem aðstoðar beiðist.
6. Innheimta skal eiga sér stað í mynt þess ríkis sem tilmælum er beint til samkvæmt opinberri gengisskráningu þann dag sem tilmælum er veitt viðtaka.
7. Innheimtu kröfu annars ríkis skal framkvæma á sama hátt og innheimtu hliðstæðrar kröfu í ríki því sem tilmælum er beint til.
8. Við mótmælum gegn innheimtu samkvæmt samningi þessum skulu þar til bær yfirvöld í því ríki sem tilmælum er beint til bregðast samkvæmt lögum þess ríkis.
9. Um kröfur sem innheimta skal samkvæmt samningi þessum gildir eigi sérstakur forgangsréttur sem gildir um hliðstæðar kröfur í því ríki sem tilmælum er beint til.
10. Í málum um innheimtu krafna samkvæmt þessum samningi verður hvorki hafin lögsókn við annan dómstól en stjórnsýsludómstól né krafist gjaldþrotaskipta í því ríki sem tilmælum er beint til, nema þar til bær yfirvöld í viðkomandi ríkjum séu um það sammála.
11. Falli krafan niður eða verði breytingar á kröfunni skal svo fljótt sem verða má tilkynna það yfirvaldi því sem tilmælum er beint til.

lige interesser, kan vedkommende stats toldmyndighed helt eller delvis nægte bistand eller gøre den afhængig af, at bestemte vilkår eller pålæg bliver opfyldt.
2. Bliver anmodningen om bistand ikke efterkommet, skal den stat, som har anmodet om bistand, straks underrettes om afgørelsen og begrundelsen for den.

Artikel 9

Forkyndelser

1. Forkyndelse i henhold til denne aftale skal ske på den måde, som andvendes for lignende forkyndelser i henhold til lovgivningen eller den administrative praksis i den stat, som er anmodet om at foretage forkyndelsen. Anmodning om forkyndelse af et dokument skal indeholde en kort angivelse af indholdet af dokumentet.
2. Hvis den stat, som anmoder om forkyndelse ønsker det, kan forkyndelsen ske i særskilt form i den udstrækning denne fremgangsmåde er i overensstemmelse med lovgivningen i den stat, hvor forkyndelsen skal finde sted.
3. Som bevis for forkyndelsen skal gælde enten en dateret og bekræftet erkendelse fra den, som modtog forkyndelsen, eller et bevis fra vedkommende myndighed i den stat, hvor forkyndelsen er blevet anmodet foretaget, som viser formen og tidspunktet for forkyndelsen.

Artikel 10

Inddrivelse

1. Toldmyndigheden skal på anmodning bistå med inddrivelse af anden stats fordringer i forbindelse med gennemførelse af toldlovgivningen.
2. Anmodning om bistand til inddrivelse af en fordring skal kun kunne fremsættes, såfremt fordringen ikke kan inddrives i egen stat uden væsentlige vanskeligheder. Fordringen skal endvidere overstige et nærmere fastsat mindstebeløb.
3. Anmodning om inddrivelse skal vedlægges udskrift af eksekutionsgrundlaget samt attest fra kompetent myndighed om, at den afgørelse, som ligger til grund for anmodningen, er eksigibel.
4. Fordringer, som er eksigible i den stat, som anmoder om bistand, skal anerkendes som eksigible i den stat, som er anmodet om at yde bistand. Bistand til inddrivelse skal iværksættes under iagttagelse af de forældelsesregler, som gælder for inddrivelse af fordringer af tilsvarende art ifølge lovgivningen i den stat, som er anmodet om at yde bistand.
5. I anmodningen skal der gives oplysning om tidspunktet for, hvornår retten til at inddrive fordringen helt eller delvis forældes efter lovgivningen i den stat, som anmoder om bistand.
6. Inddrivelse skal ske i den anmodede stats valuta efter officiel valutakurs, den dag anmodningen er modtaget.
7. Inddrivelse af fordring for anden stat skal gennemføres på samme måde som inddrivelse af tilsvarende fordring i den anmodede stat.
8. Ved indsigelser mod inddrivelse efter denne aftale, træffer de kompetente myndigheder i den stat, som yder bistanden, afgørelse i henhold til denne stats ret.
9. For fordringer, som skal inddrives efter denne aftale, gælder ikke særlig fortrinsret vedtaget for tilsvarende fordringer i den stat, som er anmodet om at yde bistand.
10. I sager om inddrivelse af fordringer efter denne aftale indledes ikke søgsmål ved anden domstol end forvaltningsdomstol eller begæres konkurs i den stat, der er anmodet om bistand, medmindre kompetente myndigheder i de berørte stater er blevet enige om det.
11. Bortfalder fordringen eller sker der ændringer i fordringen, skal den anmodede myndighed snarest muligt underrettes.

11. gr.

Greiðslufyrirkomulag, frávísun og yfirfærsla

1. Tollstjórn í því ríki sem tilmælum er beint til tekur ákvarðanir um að leyfa afborgunarfyrirkomulag og veita greiðslufrest.
2. Reynist eigi unnt að innheimta kröfu skal endursenda tilmælin ásamt yfirlýsingu um ástæður þess svo og fyrirliggjandi skjöl um málið til tollstjórnar í því ríki sem aðstoðar hefur beiðst.
3. Innheimtar fjárhæðir skal yfirfæra til tollstjórnar í því ríki sem tilmælum er beint til. Undanþegin yfirfærslu eru gjöld og kostnaður sem skylt er að krefja um samkvæmt löggjöf í því ríki sem tilmælum er beint til.

12. gr.

Kostnaður

Útgjöld sem stofnað er til vegna meðferðar á tilmælum í samræmi við þennan samning skulu eigi endurgreidd af því ríki sem tilmælum er beint til. Undanþegnar þessu eru greiðslur til sérfræðinga.

13. gr.

Framkvæmd samningsins

Tollstjórnirnar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir og setja nánari reglur um framkvæmd samningsins.

14. gr.

Gildissvið

Samningi þessum skal eigi beita að því er Danmörku varðar: í Færeyjum og á Grænlandi; að því er Noreg varðar: á Svalbarða og Jan Mayen svo og norskum landssvæðum utan Evrópu.

15. gr.

Fullgilding, gildistaka og uppsögn

1. Samning þennan skal fullgilda. Fullgildingarskjölin skulu afhent norska utanríkisráðuneytinu til vörslu. Staðfest endurrit skal norska utanríkisráðuneytið láta ríkisstjórnum annarra ríkja í té.
2. Samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag er fullgildingarskjöl allra ríkjanna hafa verið afhent til vörslu.
3. Óski eitthvert ríkjanna að segja samningnum upp skal skrifleg tilkynning um það afhent norsku ríkisstjórninni sem þegar skal tilkynna það öðrum ríkjum svo og dag þann sem tilkynning er móttekin. Uppsögnin gildir einungis gagnvart því ríki sem gert hefur ráðstafanir í þá átt og tekur gildi sex mánuðum eftir dag þann sem norska ríkisstjórnin tekur á móti tilkynningu um uppsögnina.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir fulltrúar sem til þess hafa fullgilt umboð ritað undir þennan samning í Osló hinn 11. september 1981. Samningurinn er gerður í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku. Á sænsku eru gerðir tveir textar — annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð. Allir textarnir eru jafngildir.

Artikel 11

Betalingsudsættelse, indstilling og overførsel

1. Toldmyndigheden i den stat, som bliver anmodet om at yde bistand træffer afgørelse om indrømmelse af afdragsvis betaling og betalingsudsættelse.
2. Dersom en fordring ikke lader sig inddrive, returneres anmodningen med oplysning om de foreliggende omstændigheder og tilgængelig dokumentation for forholdet til toldmyndigheden i den stat, som har anmodet om bistand.
3. Beløb, som er inddrevet, skal overføres til toldmyndigheden i den stat, som har anmodet om bistand. Undtaget er gebyrer og omkostninger, som tilpligtes opkrævet i henhold til lovgivningen i den anmodede stat.

Artikel 12

Omkostninger

Udgifter, som opstår ved behandling af en anmodning i henhold til denne aftale, skal ikke refunderes af den stat, som har anmodet om bistand. Undtaget herfra er godtgørelse til sagkyndige.

Artikel 13

Gennemførelse af aftalen

Toldmyndighederne træffer de nødvendige foranstaltninger og fastsætter nærmere retningslinier for gennemførelse og praktisering af aftalen.

Artikel 14

Gyldighedsområde

Denne aftale anvendes ikke

for Danmarks vedkommende på Færøerne og Grønland

for Norges vedkommende på Svalbard og Jan Mayen samt for norske besiddelser udenfor Europa.

Artikel 15

Ratifikation, ikrafttræden og opsigelse

1. Denne aftale skal ratificeres. Ratifikationsdokumenterne skal deponeres i det norske udenrigsdepartement. Bekræftede afskrifter skal af det norske udenrigsdepartement tilstilles de øvrige staters regeringer.
2. Aftalen træder i kraft 3 måneder efter denne dag, da samtlige staters ratifikationsdokumenter er deponeret.
3. Ønsker nogen af staterne at opsige aftalen, skal skriftlig meddelelse herom tilstilles den norske regering, som umiddelbart efter underretter de øvrige stater og om dagen, da meddelelse er modtaget. Opsigelsen gælder alene for den stat, som har taget skridt til det og får virkning 6 måneder efter udgangen af den dag, den norske regering modtog meddelelse om opsigelsen.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtigede undertegnet denne aftale i Oslo den 11. september 1981. Aftalen er udfærdiget i et eksemplar på svensk, dansk, finsk, islandsk og norsk. På svensk er udfærdiget to tekster — en for Sverige og en for Finland. Samtlige tekster har samme gyldighed.